

800 Mælingar og jafngildislínur

Íslensk fitjuskrá



Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á Imi@mi.is

800 Mælingar og jafngildislínur

Nafn	Mælingar og jafngildislínur
Skilgreining	Þemað inniheldur upplýsingar er varða mælingar (s.s. landmælingar og staðsetningu fyrirbæra í landi) og jafngildislínur þ.m.t. hæðarlínur og dýptarlínur.
Kóði	800 - 899

Fitjuflokkar

Mælistöð	801
Mælipunktur	802
Jafngildislína	803
Hæðar- / dýptarlína	804
Strandlína	805
Brotlína	806

Fitjueigindir**Heiti**

Aðrar mælingaraðferðir	adramælingaradferdir
Austurhnit	austurhnit
Dagsetning hæðarmælingar	dagsHaedarmaelingar
Flokkun hæðar- og dýptarlínur	haedarDyptarlinur
Flokkun mælistöð	maelistod
Gerð mælistöð / hæð	gerdMaelistodHaed
Gerð mælistöð / plan	gerdMaelistodPlan
Gildi línu	gildiLinu
Hæðarmunur - flóð og fjara	haedarmunurFlodFjara
Jafngildislína – lægð	jafngildislinaLaegd
Mælieining línu	mælieiningLinu
Mælingaraðferð hnita	mælingaradferdHnita
Mælingaraðferð hæðar	mælingaradferdHaedar
Nákvæmni austurhnits	nakvaemniAusturhnits
Nákvæmni norðurhnits	nakvaemniNordurhnits
Norðurhnit	nordurhnit
Sporvöluhæð	sporvoluhaed
Staðarnúmer vatnamælistaðar	stadarnVatnamaelistadar
Staðsetning austuráss	staðsetningAusturass
Staðsetning norðuráss	staðsetningNordurass
Stuttnefni mælistöðva	stuttnefniMaelistodva
Stöðvarlýsing	stodvarlysing
Stöðvarnúmer	stodvarnr
Tegund fjöru	tegFjoru
Tegund jafngildislínu	tegJafngildislinu
Tegund mældrar hæðar	tegMaeldrarHaedar
Tegund mælipunkts	tegMaelipunkts
Tegund mælistöðvar	tegMaelistodvar
Tegund strandar	tegStrandar
Upprunaleg viðmiðun í hæð	upprunalegVidmidunHaed
Upprunaleg viðmiðun í plani	upprunalegVidmidunPlan
Upprunaleg vörpun	upprunalegVorpun
Vatnshæðarmælittegund	vatnshaedarmaelিতেgund
Vatnshæðarmælitæki	vatnshaedarmaelitaeki
Þyngdarhröðun	thyngdarhrodun

801 Mælistöð

Nafn	Mælistöð
Skilgreining	Mælistöð er stöðugur, staðbundinn punktur (hlutbundinn), sem er merktur í mörkinni og notaður við mælingar / athuganir s.s. landmælingar, veðurathuganir, jarðskjálftamælingar og mengunarmælingar. [2]
Kóði	801

Fitjueigindir		
	Aðrar mælingaraðferðir	adrarMælingaradferdir
	Austurhnit	austurhnit
	Dagsetning hæðarmælingar	dagsHaedarmælingar
	Flokkun mælistöð	mælistod
	Gerð mælistöð / hæð	gerdMælistodHaed
	Gerð mælistöð / plan	gerdMælistodPlan
	Mælingaraðferð hnita	mælingaradferdHnita
	Mælingaraðferð hæðar	mælingaradferdHaedar
	Nákvæmni austurhnits	nakvaemniAusturhnits
	Nákvæmni norðurhnits	nakvaemniNordurhnits
	Norðurhnit	nordurhnit
	Sporvöluhæð	sporvoluhaed
	Staðarnúmer vatnamælistaðar	stadarnVatnamælistadar
	Staðsetning austuráss	staðsetningAsturass
	Staðsetning norðuráss	staðsetningNordurass
	Stuttnefni mælistöðva	stuttnefniMælistodva
	Stöðvarlýsing	stodvarlysing
	Stöðvarnúmer	stodvarnr
	Tegund mælistöðvar	tegMælistodvar
	Upprunaleg viðmiðun í hæð	upprunalegVidmidunHaed
	Upprunaleg viðmiðun í plani	upprunalegVidmidunPlan
	Upprunaleg vörpun	upprunalegVorpun
	Vatnshæðarmælittegund	vatnshaedarmælittegund
	Vatnshæðarmælitæki	vatnshaedarmælitæki
	Þyngdarhröðun	thyngdarhrodun

Fitjueigind

Nafn	Aðrar mælingaraðferðir
Skilgreining	Allar þær aðferðir sem ekki er minnst á í fitjueigindunum „mælingaraðferðir hnita“ og „mælingaraðferðir hæðar“. [3]
Heiti	adrarMælingaradferdir
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Þyngdarhröðunarmæling	1	Mælir þyngdarhröðun í ákveðnum punkti, t.d. notað til að leiðrétta fallmælingar (mæla g).
Lasermæling	3	Lasermæling.

Fitjueigind

Nafn	Austurhnit
Skilgreining	Tölugildi mælistöðvarinnar á austurási. [3]
Heiti	austurhnit
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)

Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæðar rauntölur með allt að 4 aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Dagsetning hæðarmælingar
Skilgreining	Dagsetning mældrar hæðar. [2]
Heiti	dagsHaedarmaelingar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Dagsetning (e: date)
Mælieining eigindar	Dagsetning
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Dagsetning

Fitjueigind

Nafn	Flokkun mælistöðva
Skilgreining	Mælistöðvar skulu merktar varanlega með stöpli eða bolta, en ef það er ekki unnt má notast við 1" galvaníserað rör með steiptum bolta í toppi. Upplýsingar um númer stöðvar, ártal og nafn stofnunar eða fyrirtækis sem framkvæmir verkið skulu vera greinilegar á merkingu. [7] Skammstafanir fyrir nánari upplýsingar um punktinn sjálfan. Sömu skammstafanir og voru notaðar í hnitaskrá Landmælinga Íslands þegar þeim var komið á tölvutækt form 1966. [8]
Heiti	mælistod
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Ekki skráð	0	Engar nánari upplýsingar eru til um merkið, stöpulinn eða rörið.
Bolti / skjöldur	1	Boltinn er renndur úr stangarkopar. Haus boltans er 12 mm hár og 16 mm breiður. Keilulaga hola, ekki dýpri en 1 mm, er efst í miðjum hausnum. Leggur boltans er 13 mm í þvermál og ekki styttri en 50 mm. Stallar eru renndir í legginn. Númer mælistöðvar, ártal og nafn stofnunar er letrað á koparskífu sem er 2 mm þykk og 32-40 mm í þvermál. Sjá mynd 10 í heimild. Bolti eða skrúfa sett niður í klöpp eða gangstétt eða annað fast yfirborð t.d. stóran stein. (Oft notaðir fyrir polygon punkta).
Bolti án skjaldar	2	Bolti, skrúfa eða stangarkopar settur niður í klöpp eða gangstétt eða annað fast yfirborð t.d. stóran stein. (Oft notaðir fyrir polygon punkta).
Landmælingastöpull	3	Járnbentur steypur stöpull 120 cm hár og 40 cm á kant. Á stöplinum er plata úr ryðfríu stáli og bolti með gengjum til að festa mælitæki. Undir stöplum, sem ekki eru steypir á klöpp, er 90x90 cm sökkull, sem nær niður á frostfrían burðarhæfan jarðveg. Hæð merkis á stöplum er miðuð við efri brún bolta (án hlífðarhettu). Sjá mynd 8, 9 í heimild.
Landmælingastöpull án gengju	4	Notað fyrir loftnet eða hornamæli. Járnbentur steypur stöpull. Nota þarf stöplaplötu.
Rör	5	Aðeins skal nota galvaníserað 1" rör, a.m.k. 1,5 m langt, þar sem ekki er unnt að nota bolta í klöpp. Reka skal rörið niður í frostfrían jarðveg og steypa koparbolta með skífu í rörtoppinn.
Skrúfa	6	Koparskrúfa eða skrúfa í koparskildi notuð í venjulega polygon punkta.

Láréttur hæðarbolti	8	Fyrir lárétta hæðarbolta er notaður sams konar bolti og mælingadeild Reykjavíkurborgar notar, þ.e. sérsteyptur koparbolti með áletrun framan á hausnum. Sjá mynd 11 í heimild.
Náttúrulegur	9	Vel skilgreint auðkenni í náttúrunni.
Óviss	10	Ekkert vitað um punktinn.
Turn	11	T.d. kirkjuturn.
Varða	12	Hlaðin grjótvarða.
Bolti varða	13	Bolti í vörðu.
Glataður	14	Glataður punktur.
Hæll	15	Tréhæll.
Viti	16	Viti.
Athugist	17	Þarfnast nánari athugunar, ekkert riss fyrir innmælingu til.
Engin prófun	18	Einmældur.

Fitjueigind

Nafn	Gerð mælistöðva / hæð
Skilgreining	Gerð mælistöðva, hæð. [3]
Heiti	gerdMaelistodHaed
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Ekki skráð	0	Fyrir færslur sem falla ekki undir neinn annan flokk.
Hæðarpunktur	1	Hallamælistöð. Hæðamerki þar sem hallamælt er með Invar-stöngum eða tré-(plast) kvörðum.
Sjávarfallamælistöð	2	Hæðarmerki tengt sjávarföllum.

Fitjueigind

Nafn	Gerð mælistöðva / plan
Skilgreining	Gerð mælistöðva, plan. [3]
Heiti	gerdMaelistodPlan
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Ekki skráð	0	Fyrir færslur sem falla ekki undir neinn annan flokk.
GPS-mælistöð	1	Mælistöð sem hefur verið ákvörðuð í plani og/eða hæð með vissa nákvæmni.
GPS-jarðstöð	2	Mælistöð þar sem GPS-tæki er varanlega staðsett í punktinum. Það er mælt í punktinum allan sólarhringinn allt árið um kring. Dæmi: Mælistöðvarnar á Höfn og Akureyri.
Landmælingastöð	3	Allar innmælingar á punktum í plani þar sem ekki er notuð GPS-mæling eða VLBI.
VLBI	4	Mælistöð sem hefur verið innmæld með VLBI-tækni (e. Very Long Baseline Interferometry). Mælistöðin / punkturinn hefur hnit og/eða hæð með vissa nákvæmni.

Fitjueigind

Nafn	Mælingaraðferð hnita
Skilgreining	Mæling hnita. [3]
Heiti	mælingaradferdHnita
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
GPS-Static	1	GPS innmæling með L1 og/eða L2 – eftirávinnsla (e. Static surveying).
GPS-Fast	2	GPS innmæling með L1 og/eða L2 – eftirávinnsla fast static (e. Fast static surveying).
GPS-RTK	3	GPS innmæling með L1 og/eða L2 – rauntímamælingu: (e. Real-Time-Kinematic, RTK). Hnit (x, y, z) liggja strax fyrir.
DGPS	4	GPS–innmæling – leiðrétt. Gögn eru leiðrétt út frá þekktri mælistöð. (DGPS).
GPS-Óleiðrétt	5	GPS–staðsetning – óleiðrétt. Staðsetningin (e. navigation) er ónákvæm staðsetning á gögnum í fleti, mælt með ýmsum aðferðum t.d. GPS-handleiðisögutæki.
Sambland	6	Sambland af GPS og staðarákvörðun með hröðun, tregðuleiðisögn (e. inertial navigation).
GPS-Annað	7	GPS innmæling með L1 og/eða L2 - Aðrar aðferðir undanskildar upptalningunni hér að ofan.
Polygon	8	Polygonmældur punktur, t.d. mældur með hornamæli og optisku tæki.
Þríhyrninganet	9	Punktur mældur í þríhyrninganeti.
Tregðuleiðisögn	10	Staðarákvörðun með hröðun, tregðuleiðisögn (e. intertail navigation).
Myndvinnsla	11	Í myndmælingu eru plan og form hluta teiknuð eftir loftmyndum. (Heimild: Kraus, K. (1997). <i>Photogrammetrie, Bind 1. Grundlagen und Standardverfahren</i> . Institut für Photogrammetrie und Fernerkundung der technischen Universität Wien, Vín)
Málbandsmæling	12	Málbandsmælt, afstöðumælt með málbandi.

Fitjueigind

Nafn	Mælingaraðferð hæðar
Skilgreining	Aðferðir til að mæla hæð. [3]
Heiti	mælingaradferdHaedar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Fín hallamæling	1	Fín hallamæling (e. Precision nivellering) með Invarstöngum.
Hallamæling	2	Hallamæling (e. nivellering) með tré- eða plastkvörðum.
Hæðarmæling	3	Hæðarmæling þar sem hornamæli er notaður til að ákvarða hæð punktsins (e. trigonometric levelling, indirect levelling).
GPS-Hæðarmæling	4	Hæðarmæling með GPS-tæki.

Fitjueigind

Nafn	Nákvæmni austurhnits
Skilgreining	Nákvæmni upprunahnita, það er hnita sem fást úr mælingunni. Segir til um nákvæmni staðsetningar austurhnitsins í + /- metrum. T.d. ef talan 0,5 er færð inn í þetta sæti þá er nákvæmni + /- 0,5 metrar. (+ /- er ekki sett inn, einungis talan sjálf). [3]
Heiti	nakvaemniAusturhnits
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæðar rauntölur með allt að 4 aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Nákvæmni norðurhnits
Skilgreining	Nákvæmni upprunahnita, það er hnita sem fást úr mælingunni. Segir til um nákvæmni staðsetningar norður hnitsins í + /- metrum. T.d. ef talan 0,5 er færð inn í þetta sæti þá er nákvæmni + /- 0,5 metrar. (+ /- er ekki sett inn, einungis talan sjálf). [3]
Heiti	nakvaemniNordurhnits
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæðar rauntölur með allt að 4 aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Norðurhnit
Skilgreining	Tölugildi mælistöðvarinnar á norðurási. [3]
Heiti	nordurhnit
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæðar rauntölur með allt að 4 aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Sporvöluhæð
Skilgreining	Sporvöluhæð er fjarlægð punkts frá viðmiðunarsporvölu. Fjarlægð er mæld eftir lóðlínu sem stendur hornrétt á viðmiðunarsporvölu. Punktur sem er fyrir utan viðmiðunarsporvölu hefur póstífa hæð en punktur sem liggur inni í viðmiðunarsporvölu hefur negatífa hæð. [13] Sporvala er symmetrískur hlutur og þversnið hans er sporbaugur. Sporvala er skilgreind á eftirfarandi hátt: a) með skammás b og langás a b) með langás a og hringvirkið f ($f = (a-b) / a$) [14]
Heiti	sporvoluhaed
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Rauntölur með allt að 4 aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Staðarnúmer vatnamælistaðar
Skilgreining	Staðarnúmer vatnamælistaðar skv. númerakerfi Vatnamælinga. [9]
Heiti	stadarnVatnamaelistadar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala með X aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Staðsetning austuráss
Skilgreining	Hér er austurás hnitakerfisins skilgreindur. Hann er tilgreindur eftir þeim breiddarbaugi sem hann liggur á. Ef um aðra skilgreiningu er að ræða, t.d. í staðbundnum kerfum er ásinn ákvarðaður t.d. með tveim punktum. Á við um hnitakerfið sem mælistöðin er mæld inn í. [3]
Heiti	staðsetningAusturass
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Texti eða tölur sem lýsa austurásnum
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Staðsetning norðuráss
Skilgreining	Hér er norðurás hnitakerfisins skilgreindur. Hann er tilgreindur eftir þeim lengdarbaug sem hann liggur á. Ef um aðra skilgreiningu er að ræða, t.d. í staðbundnum kerfum, er ásinn ákvarðaður t.d. með tveim punktum. Á við um hnitakerfið sem mælistöðin er mæld inn í. [3]
Heiti	staðsetningNordurass
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Texti og tölur sem lýsa norðurásnum
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Stuttnefni mælistöðva
Skilgreining	Fjórir bókstafir sem eru lýsandi fyrir nafnið (NAFN) á mælistöðinni. [2]
Heiti	stuttnefniMaelistodva
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Tölur og bókstafir í bland

Fitjueigind

Nafn	Stöðvarlýsing
Skilgreining	Leiðarlýsing að mælistöðinni ásamt greinargóðri lýsingu á staðháttum þar sem mælistöðin er staðsett. [3] Í þeim kerfum sem ekki taka inn langan texta (t.d. eigindatöflur í Arc) er nauðsynlegt að vísa í heimildir í fitjueigindinni sem innihalda nánari stöðvarlýsingu. [2]
Heiti	stodvarlysing
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin

Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Stöðvarnúmer
Skilgreining	„Númer landskerfispunkta séu mest átta stafir, tveir einkennisstafir (stofnunar eða fyrirtækis) fremst, næstu tveir stafir eru ártal og allt að fjögurra stafa tala þar á eftir, t.d. VR930001,Vgxx9999. Til að ekki þurfi að endurskíra mælistöðvar er einnig heimilt að nota allt að átta tölur og bókstafi, ef fyrstu tveir stafirnir eru einkennisstafir stofnunar, t.d. OS-HH01. Stofnanir og fyrirtæki, sem hér eiga hlut að máli, skulu hafa samráð við Landmælingar Íslands um hvaða upphafsstafi þær óska að nota til að koma í veg fyrir skörun landskerfisnúmera. Ef mælistöð er endurmerkt skal hún fá nýtt númer.“ [5]
Heiti	stodvarnr
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Tegund mælistöðvar
Skilgreining	Flokkun mælistöðva eftir hlutverki þeirra, þ.e. hverskonar mælingar fara fram á mælistöðinni. [2]
Heiti	tegMaelistodvar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Landmælingastöð	1	Landmælingastöð er stöðugur, staðbundinn punktur (hlutbundinn), sem er merktur í mörkinni. Landmælingastöð er notuð við mælingar, s. s. hallamælingar, GPS mælingar. [3]
Jarðskjálftamælistöð	2	Staður merktur í landi með jarðskjálftamæli.
Veður mælistöð	3	Staður merktur í landi (ákveðinn búnaður) þar sem veðurathuganir eru framkvæmdar.
Mengunarmælistöð	4	Staður merktur í landi (ákveðinn búnaður) þar sem mengunarmælingar eru framkvæmdar.
Vatnamælistaður	5	Staður merktur í landi (ákveðinn búnaður) þar sem vatnamælingar eru framkvæmdar.

Fitjueigind

Nafn	Upprunaleg viðmiðun í hæð
Skilgreining	„Viðmiðun (e. vertical datum) hæða og hæðarkerfa er lágflötur (geoid), en líta má á lágflöt sem það yfirborð, sem höfin hefðu ef áhrifa sjávarfalla, loftþrýstings, hafstrauma o.fl. gætti ekki.“ [10] Fyrir fram skilgreindur punktur / flötur. Hér er um að ræða upprunalegu viðmiðunina í hæð (þegar mælingarnar áttu sér stað). Nánari flokkun á staðbundnum hæðarkerfum skal setja í lýsigögn.
Heiti	upprunalegVidmidunHaed
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[3]
Ekki skráð	0	Fyrir færslur sem falla ekki undir neinn annan flokk.
GRS80	1	Sporvöluhæð. Viðmiðunarflöturinn er sporvalan GRS80.
WGS84	2	Sporvöluhæð. Viðmiðunarflöturinn er sporvalan WGS84.
WGS72	3	Sporvöluhæð. Viðmiðunarflöturinn er sporvalan WGS72.
Staðbundið	4	Staðbundið hæðarkerfi.

Fitjueigind

Nafn	Upprunaleg viðmiðun í pláni
Skilgreining	Viðmiðun (e. datum) í pláni fyrir landmælingar samanstendur af parametrum sem lýsa afstöðu notaðrar sporvölu (kerfi B (x_B, y_B, z_B)) til þýngdarpunkts jarðarinnar (algildis (e. absolute) kerfis A (X_A, Y_A, Z_A)). Viðmiðun lýsir upphafspunktum / grunnpunktum mælinganetsins ásamt víddum notaðrar sporvölu. (Heimild: Günter, H. og Dietmar, G. (1994). <i>Kartographie, 7. Auflage</i> . Walter de Gruyter. Berlin, New York) Hér er um upprunalegu viðmiðunina í pláni að ræða þegar mælingarnar áttu sér stað.
Heiti	upprunalegViðmidunPlan
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[3]
Ekki skráð	0	Fyrir færslur sem falla ekki undir neinn annan flokk.
ISN93	1	Sjá skýringar að neðan.
Hjö55	2	Hjörsey55. Sjá skýringar að neðan.
RVK1900	3	Reykjavík 1900. Sjá skýringar að neðan.
WGS84	4	Sjá skýringar að neðan.
WGS72	5	Sjá skýringar að neðan.
Staðar	6	Staðbundið hnitkerfi.
Rvík	7	Hnitakerfi Reykjavíkur. Hnitakerfi Reykjavíkur er staðbundið kerfi og er ekki í neinu af upptöldum viðmiðunum.
ISN2004	8	Sjá skýringar að neðan.
Hjö45	9	Hjörsey 1945. Sjá skýringar að neðan

		Sporvala	a	1/f (f = (a-b)/a)
ISNET 2004	ISN2004	GRS80	6378137,0	298,257222101
ISN93	ISN93	GRS80	6378137,0	298,257222101
Hjörsey 1955	HJO1955	Hayford 1909	6378388,0	297
Hjörsey 1945	HJO1945	International 1924	6378388,0	297
Reykjavík 1900	RVK1900	DANISH	6377019,25	300
WGS84	WGS84	WGS84	6378137,0	298,257223564
WGS72	WGS72	WGS72	6378135,0	298,260

Fitjueigind

Nafn	Upprunaleg vörpun
Skilgreining	Aðferð við að koma sporvölu jarðarinnar á flöt. Algengastar eru keiluvörpun, hólkvörpun og pólarvörpun. (e. A method by which the curved surface of the Earth is portrayed on a flat surface. This generally requires a systematic mathematical transformation of the Earth's graticule of lines of longitude and latitude onto a plane, i.e. Azimuthal, conical and cylindrical map projections. [11] Hér er um upprunalegu vörpunina að ræða þegar mælingarnar áttu sér stað.

Heiti	upprunalegVörpun
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[3]
Lambert		Hornsönn keiluvörpun.
	LCC1	Lambert vörpun með einum snertibaug sem er 65° 00'00" N.
	LCC2	Lambert vörpun með tveimur skurðbaugum, sem eru 65° 45'00" N og 64° 15'00" N.
UTM		Hornsönn hólkvörpun, hólkurinn sker jörðina á 84° 00'00" N og 80° 00'00" S. Hólknur er deilt upp í 6° belti.
	UTM26	UTM vörpun þar sem miðlína beltis 26. sönunar (e. 26 zone) er 27° 00'00" v.l. [12]
	UTM27	UTM vörpun þar sem miðlína beltis 27. sönunar (e. 27 zone) er 21° 00'00" v.l. [12]
	UTM28	UTM vörpun þar sem miðlína beltis 28. sönunar (e. 28 zone) er 15° 00'00" v.l. [12]
GAUSS-KRÜGER		Hornsönn hólkvörpun, hólkurinn snertir jörðina. Er skipt upp í 3° belti.
	GK1	GAUSS-KRÜGER vörpun með snertibaug á 24° 00'00" V. [12]
	GK2	GAUSS-KRÜGER vörpun með snertibaug á 21° 00'00" V. [12]
	GK3	GAUSS-KRÜGER vörpun með snertibaug á 18° 00'00" V. [12]
	GK4	GAUSS-KRÜGER vörpun með snertibaug á 15° 00'00" V. [12]
GEO-landfræðileg	GEO	Geografísk hnitnotuð í plani.

Fitjueigind

Nafn	Vatnshæðarmælitegund
Skilgreining	Vatnshæðarmælitegund gefur upplýsingar um hvers konar vatnshæðarupplýsingum verið er að safna. Hvort um sé að ræða vatnshæð í t.d. á stöðuvatni eða grunnvatni. [9]
Heiti	vatnshæðarmælitteg
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[9]
Rennslisstöð, einn mælir	A	Fundið er rennsli ár / lækjar út frá einum vatnshæðarmæli.
Rennslisstöð, tveir mælir	B	Vatnshæð í tveimur mælum gefur rennsli ár / lækjar.
Vatnsborðsstöð	C	Vatnshæðarmælir í stöðuvatni.
Grunnvatnsstöð	D	Vatnshæðarmælir í borholu, brunni eða gjá sem nær niður á grunnvatnsborð og gefur hæð þess.
Inntakslón / rafstöð	E	Vatnshæðarmælir við inntakslón virkjunar / rafstöðvar.
Miðlunarlón	F	Vatnshæðarmælir í miðlunarlóni virkjunar.
Veituvirki	G	Vatnshæðarmælir við mannvirki sem beinir vatni úr venjulegum farvegi þess.
Rafmagnsvél	H	Rennsli reiknað úr frá rafmagnsframleiðslu.

Fitjueigind

Nafn	Vatnshæðarmælitæki
Skilgreining	Vatnshæðarmælitæki gefur til kynna hvaða aðferð notuð er til öflunar upplýsinga um vatnshæð. Hver vatnamælistaður hefur eitt eða fleiri gildi fitjueigindar. [9]
Heiti	vatnshæðarmælitæki
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[9]
Aurburður	A	Mælistaður fyrir framburð aurs í vatnsfalli.
Mælibrunnur	B	Samgangur er á milli brunnsins og árinna í gegnum rör þannig að vatnshæð í brunninum samsvarar vatnshæð fyrir utan rörendann. Þrenging í rörinu veldur því að mun minni öldugangur verður í brunninum en ánni.
Fjarriti	C	Mælistöð er í fjarskiptasambandi.
Síriti, stafræn söfnun	D	Stafrænt söfnunartæki er tengt við mælitæki og skráir gögn.
Efnainnihald	E	Mælistöð þar sem efnainnihald vatns er rannsakað samhliða vatnshæð.
Flotholt	F	Lóðréttar hreyfingar flotholts í mælibrunni eru skráðar á pappír eða af stafrænu skráningartæki.
Kvarði, < 2 álestrar í viku	H	Kvarði er í vatnsfallinu sem gæslumaður les vatnshæð af sjaldnar en tvisvar í viku.
Kvarði, ≥ 2 álestrar í viku	K	Kvarði er í vatnsfallinu sem gæslumaður les vatnshæð af að minnsta kosti tvisvar í viku.
Loftbólubúnaður	L	Gasi (köfnunarefni) er hleypt hægt úr flösku eftir leiðslu sem leidd er frá siritahúsi út í ána og fest er í árbotninn. Þrýstingurinn, sem mældur er, er í beinu sambandi við vatnshæðina yfir rörendanum og er hann skráður sem vatnshæð.
Þrýstiskynjari	P	Þrýstiskynjari er festur í árbotninn eða lagður í mælibrunn og frá honum er slanga leidd upp á árbakkann í hús eða mælabúr. Slangan inniheldur rafleiðslur ásamt loftslöngu. Stafrænt söfnunartæki, sem geymt er í húsinu eða mælabúrinu, skráir straum eða spennu frá þrýstiskynjaranum í hlutfalli við þrýstingsbreytingar vegna mismunandi vatnshæðar.
Rennslismælingar	Q	Rennslið er mælt eða metið beint, án vatnshæðarmælingar.
Mælireнна	R	Manngerð þrenging í farvegi þar sem vatnshæð er í þekktu sambandi við rennsli.
Síriti, pappír	S	Vatnshæðarbreytingar eru skráðar á pappír sem dreginn er áfram af klukkuverki.
Vatnshiti	T	Vatnshiti er mældur með hitamæli.
Líffræðilegar mælingar	U	Líffræðilegar athuganir eru gerðar á vatninu.
Rafstöð (ekki síriti)	X	Rennsli er reiknað út frá rafmagnsframleiðslu eða lokustöðu sem skráð er handvirkt.
Mælistífla, yfirfall	Y	Byggð er í læk eða á stífla með V- eða U-laga skarði (yfirfalli), sem vatnið fossar um. Samband vatnshæðar í lóni hjá stíflunni og rennslisins um skarðið er þekkt.

Fitjueigind

Nafn	Þyngdarhröðun
Skilgreining	Mælir þyngdarhröðun í ákveðnum punkti, t.d. notað til að „leiðrétta“ fallmælingar (mæla g). [3]
Heiti	thyngdarhrodon
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)
Mælieining eigindar	Metrar á sekúndu í öðru veldi (m / sek ²)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæðar rauntölur með allt að 9 aukastöfum

802 Mælipunktur

Nafn	Mælipunktur
Skilgreining	Punktur sem mældur er með landmælingartæki og er skilgreindur með hnitum, annað hvort í láréttu plani með norður- og austurás eða í þrívídd með norðurás, austurás og hæð / dýpt og er ekki sérstaklega merktur í mörkinni.
Kóði	802

Fitjueigindir		
	Tegund mældrar hæðar	tegMaeldrarHaedar
	Tegund mælipunkts	tegMaelipunkts

Fitjueigind

Nafn	Tegund mældrar hæðar
Skilgreining	Tegund punkta fyrir mælda hæð.
Heiti	tegMaeldrarHaedar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Stakir	1	Stakir punktar.
Grid	2	Grid punktar.

Fitjueigind

Nafn	Tegund mælipunkts
Skilgreining	Segir til um tegund mælipunkts og í hvað tilgangi mælingin er framkvæmd.
Heiti	tegMaelipunkts
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. Character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisléns	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Mæld hæð	haedm	Mæld hæð fengin úr hvers konar mælingum þar sem engin merking er í mörkinni. Notað við líkanagerð ýmis konar eða sett fram á korti sem punktur til að auðvelda notkun kortsins.
Mæld dýpt	dyptm	Punktur sem koma út úr dýptarmælingum. [2]
Punktur staðsettur í plani	planm	Punktur mældur í fleti út frá norður- og austurási til að staðsetja fyrirbæri á landi / í hafi.
Punktur staðsettur með þremur	3dm	Samtímis mæling og skilgreining á staðsetningu

ásam		fyrirbærir í þrívíðu rúmi út frá hæð / dýpt og norður- og austurási.
------	--	--

803 Jafngildislína

Nafn	Jafngildislína
Skilgreining	Jafngildislína er ferill sem dreginn er á milli punkta í fleti eða rúmi sem hafa sömu eiginleika eða ástand (s.s. hitastig, þrýsting eða efnainnihald) og lýsir myndrænt dreifingu tiltekins eiginleika eða ástands. [17] Hér er átt við jafngildislínur aðrar en hæðar- / dýptarlínur og strandlínu sem eru skráðar í öðrum fitjuflokkum.
Kóði	803

Fitjueigindir		
	Gildi línu	gildiLinu
	Jafngildislína-lægð	jafngildislinaLaegd
	Mælieining línu	mælieiningLinu
	Tegund jafngildislínu	tegJafngildislínu

Fitjueigind

Nafn	Gildi línu
Skilgreining	Tölugildi sem jafngildislínan hefur.
Heiti	gildiLinu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Rauntölur

Fitjueigind

Nafn	Jafngildislína-lægð
Skilgreining	Skilgreinir hvort lína er í lægð eða ekki. Eigindin gefur til kynna að hæðargildi lækka og hvar lægsta hæðargildið er, þ.e. hvar lággildi eru í mörkinni s.s. gjótur, holur o.fl. [2]
Heiti	jafngildislinaLaegd
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Lína ekki í lægð	0	Jafngildislína er ekki í lægð; ekki lággildi jafngildislínanna.
Lína í lægð	1	Jafngildislína er í lægð; lággildi jafngildislínanna.

Fitjueigind

Nafn	Mælieining línu
Skilgreining	Mælieining jafngildislínu, t.d. hPa fyrir þrýstilínur á veðurkortum.
Heiti	mælieiningLinu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Tegund jafngildislínu
Skilgreining	Tegund jafngildislína t.d. þær sem lýsa hitadreifingu í jörðu, mengun í andrúmslofti, dreifisvæði frjókorna eða þrýstílinum á veðurkortum.
Heiti	tegJafngildislínu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

804 Hæðar-/ dýptarlína

Nafn	Hæðar- / dýptarlína
Skilgreining	Hæðarlína er „lína um (alla) staði sem eru í sömu hæð yfir sjávarmáli“. [18] (e. A line connecting points having the same vertical datum value. (Heimild: Digital Geographic Information Working Group (DGIWG) (1992). <i>The Digital Geographic Information Exchange Standard (DIGEST)</i> , Edition 2,0. Part 4 - Annexes. A Feature Codes. CA010 Contour line)). Dýpt sjávar, eða vatna sett fram með línu, sem tengir punkta á sama dýpi. (e. A line connecting points of equal depth at and below the hydrographic datum. [19])
Kóði	804

Fitjueingindir		
	Flokkun hæðar- og dýptarlínur	haedarDyptarlinur
	Jafngildislína-lægð	jafngildislinaLaegd

Fitjueigind

Nafn	Flokkun hæðar- og dýptarlína
Skilgreining	Hæðar- og dýptarlínur flokkaðar eftir hæð eða dýpi þeirra.
Heiti	haedarDyptarlinur
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueingindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
100 metra	1	100 metra hæðarlína / dýptarlína.
50 metra	2	50 metra hæðarlína / dýptarlína.
25 metra	3	25 metra hæðarlína / dýptarlína.
20 metra	4	20 metra hæðarlína / dýptarlína.
10 metra	5	10 metra hæðarlína / dýptarlína.
5 metra	6	5 metra hæðarlína / dýptarlína.
2,5 metra	7	2,5 metra hæðarlína / dýptarlína.
2 metra	8	2 metra hæðarlína / dýptarlína.
1 metra	9	1 metra hæðarlína / dýptarlína.
0,5 metra	10	0,5 metra hæðarlína / dýptarlína.
0,2 metra	11	0,2 metra hæðarlína / dýptarlína.
0,1 metra	12	0,1 metra hæðarlína / dýptarlína.
Formlína	89	Slitnar línur sem sýna form landslags, en eru ekki nægilega nákvæmar til að hægt sé að setja á z gildi.

Fitjueigind

Nafn	Jafngildislína-lægð
Skilgreining	Skilgreinir hvort lína er í lægð eða ekki. Eigindin gefur til kynna að hæðargildi lækka og hvar lægsta hæðargildið er, þ.e. hvar lággildi eru í mörkinni s.s. gjótur, holur o.fl. [2]
Heiti	jafngildislínaLaegd
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Lína ekki í lægð	0	Jafngildislína er ekki í lægð; ekki lággildi jafngildislínanna.
Lína í lægð	1	Jafngildislína er í lægð; lággildi jafngildislínanna.

805 Strandlína

Nafn	Strandlína
Skilgreining	Strandlengja er efri flæðimörk sjávar eða mörk meðalsjávarborðs á landi þar sem sjávarfalla gætir varla. Þar sem sjávarfalla gætir og fjara er til staðar þá er strandlínan sú sama og efri mörk fjöru og fylgir jafnframt, því sem næst, flæðimörkum á stórstraumsflóði. [20]
Kóði	805

Fitjueigindir		
	Hæðarmunur - flóð og fjara	haedarmunurFlodFjara
	Tegund fjöru	tegFjoru
	Tegund strandar	tegStrandar

Fitjueigind

Nafn	Hæðarmunur flóðs og fjöru
Skilgreining	Meðalmunur á flóði og fjöru. [21]
Heiti	haedarmunurFlodFjara
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[21]
Lítill sjávarföll	1	Minna en 2 metra meðalmunur á flóði og fjöru.
Meðalsjávarföll	2	2 – 4 metra meðalmunur á flóði og fjöru.
Mikil sjávarföll	3	Meira en 4 metra meðalmunur á flóði og fjöru.

Fitjueigind

Nafn	Tegund fjöru
Skilgreining	Einkennandi yfirborð fjöru. [22]
Heiti	tegFjoru
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[22]
Grjót	20	Grjót- eða malarfjara.
Klettótt	21	Klettótt fjara.
Sandur	22	Sandfjara.

Fitjueigind

Nafn	Tegund strandar
Skilgreining	[20]
Heiti	tegStrandar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[22]
Sæbrött	3	Sæbrött strönd, klettótt strönd, hamrar.
Hólar	4	Litlir hólar við ströndina.
Láglend	5	Láglend strönd.
Sandströnd	6	Sandströnd.
Grýtt	7	Grýtt strönd.
Sandhólar	8	Sandhólar, sandöldur.

806 Brotlína

Nafn	<i>Brotlína</i>
Skilgreining	Brotlína (e. breakline) er lína í hæðarmódelum (TIN) sem stendur fyrir skyndilegar hallabreytingar í landslagi. Þríhyrningar í hæðarmódelum mega ekki ganga yfir brotlínu (með öðrum orðum, brotlínur fylgja útlinum þríhyrninga). Z-gildi á brotlínu getur verið fasti eða breytilegt. „Hard” brotlínur standa fyrir afgerandi hallabreytingu yfirborðsins, s.s. vegi eða straumvötn. „Soft” brotlínur eru notaðar til að koma upplýsingum á framfæri um yfirborðið en segja ekki til um breytingar á lögun yfirborðsins. (e. A line in a TIN that represents a sudden change in slope. No triangle in a TIN may cross a breakline (in other words, breaklines are enforced as triangle edges). Z-values along a breakline can be constant or variable. Hard breaklines represent distinct interruptions in the slope of a surface, such as roads or streams. Soft breaklines are used to add information about the surface without implying a change in the surface behavior across the line. [23])
Kóði	806

Tilvitnanaskrá

- [2] Landmælingar Íslands (2001 - 2005). Munnlegar heimildir.
- [3] Landmælingar Íslands, Vegagerðin og Landsvirkjun, 2002.
- [5] Umhverfissráðuneytið (1994). *Tilraunaverkefni umhverfissráðuneytisins 1992-1993. Stafræn staðfræðikort, gróðurkort, og landfræðileg upplýsingakerfi*. 4. kafli, bls. 17. Reykjavík.
- [7] Umhverfissráðuneytið (1994). *Tilraunaverkefni umhverfissráðuneytisins 1992-1993. Stafræn staðfræðikort, gróðurkort, og landfræðileg upplýsingakerfi*. 4. kafli, bls. 15. Reykjavík.
- [8] Umhverfissráðuneytið (1994). *Tilraunaverkefni umhverfissráðuneytisins 1992-1993. Stafræn staðfræðikort, gróðurkort, og landfræðileg upplýsingakerfi*. 4. kafli, bls. 18. Reykjavík.
- [9] Orkustofnun, Vatnamælingar (2002). Munnlegar heimildir.
- [10] Umhverfissráðuneytið (1994). *Tilraunaverkefni umhverfissráðuneytisins 1992-1993. Stafræn staðfræðikort, gróðurkort, og landfræðileg upplýsingakerfi*. 4. kafli, bls. 21. Reykjavík.
- [11] McDonnell, R. og Kemp, K. (1995). *International GIS Dictionary. Geoinformation International*. Pearson Professional Ltd., Bretland.
- [12] Umhverfissráðuneytið (1994). *Tilraunaverkefni umhverfissráðuneytisins 1992-1993. Stafræn staðfræðikort, gróðurkort, og landfræðileg upplýsingakerfi*. Reykjavík.
- [13] Landlýsing (2005). *Orðalisti*. Sótt 21. febrúar, 2005, af <http://www.lmi.is/landlysing/lists/ig-wlist.htm>.
- [14] OLANIS Expertensysteme GmbH (2003). *Geoinformatik-Glossar*. Sótt 21. febrúar, 2005, af <http://www.olanis.de/knowhow/lexikon/geolexi.php?index=12%20>.
- [17] Íslenskar orkurannsóknir (2004). Munnleg heimild.
- [18] Árni Böðvarsson (Ritstj.) (1988). *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- [19] Digital Geographic Information Working Group (DGIWG) (1992). *The Digital Geographic Information Exchange Standard (DIGEST)*, Edition 2,0. Part 4 - Annexes. A Feature Codes. BE015 Deapth Contour.
- [20] International Hydrographic Organization (1988). *Regulations of the IHO for international (INT) charts and chart specifications of the IHO*. Edition 1988. International Hydrographic Bureau, Monaco.
- [21] *Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum*. (e. Directive 2000/60/EC of the European Parliament and of the Council of 23 October 2000, establishing a framework for Community action in the field of water policy).
- [22] Sjósmælingar Íslands (2001). *Kort 1. Tákn og skammstafanir í íslenskum sjókortum*. Reykjavík.
- [23] ESRI (2005). *GIS Dictionary*. Sótt 24. febrúar, 2005, af <http://support.esri.com/index.cfm?fa=knowledgebase.gisDictionary.search&searchTerm=breakline>.

Útgáfusaga og breytingar

Útgáfunúmer	Dagsetning útgáfu	Hver breytti	Athugasemdir
1.0	10.08.2012	AGA	1. útgáfa skjalsins